TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 98/90/EB

frá 30. nóvember 1998

um aðlögun á tilskipun ráðsins 70/387/EBE að tækniframförum sem varða dyr á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/156/EBE frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra ([1]), eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/14/EB ([2]), einkum 2. mgr. 13. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/387/EBE frá 27. júlí 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi dyr á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra ([3]), eins og henni var breytt með lögum um aðild Danmerkur, Írlands og Breska konungsríkisins, einkum 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Tilskipun 70/387/EBE er ein sértilskipananna sem fjalla um EB-gerðarviðurkenningaraðferðina sem var tekin upp með tilskipun 70/156/EBE. Af því leiðir að ákvæði tilskipunar 70/156/EBE, sem varða kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar í ökutækjum, eiga við um þessa tilskipun.

Laga má tilskipun 70/387/EBE enn frekar að tækniframförum með því að auka öryggi fólks þegar það fer inn í og út úr stýrishúsi sumra þungaflutningabifreiða.

Vegna tilskipunar 70/156/EBE, einkum 4. mgr. 3. gr. og 3. mgr. 4. gr., er nauðsynlegt að hverri sértilskipun fylgi upplýsingaskjal, þar sem fram koma þau atriði í I. viðauka við þá tilskipun sem skipta máli, ásamt gerðarviðurkenningarvottorði, samkvæmt VI. viðauka við sömu tilskipun, í því skyni að koma á tölvuskráningu gerðarviðurkenninga.

Með hliðsjón af framkvæmd tilskipunar 70/387/EBE er nauðsynlegt að tryggja að samræmd ákvæði séu fyrir hendi í öllum aðildarríkjunum.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndar um aðlögun að tækniframförum sem komið var á fót með tilskipun 70/156/EBE.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun 70/387/EBE er breytt sem hér segir:

1. Í stað orðanna „landbúnaðardráttarvélar“ í 1. gr. komi „landbúnaðardráttarvélar og dráttarvélar til skógarnytja“ og í stað orðanna „ökutæki og vélbúnaður til opinberra verklegra framkvæmda“ í sömu grein komi „allar færanlegar vélar.“
2. Viðaukunum er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkjunum er óheimilt frá og með 1. janúar 1999, af ástæðum er varða dyr ökutækja, að:

— synja um EB-gerðarviðurkenningu eða innlenda gerðarviðurkenningu fyrir gerð ökutækis,

eða

— banna að ökutæki verði skráð, seld eða tekin í notkun,

ef ökutækin eru í samræmi við kröfur tilskipunar 70/387/EBE eins og henni er breytt með þessari tilskipun.

2. Frá og með l. október 2000:

— skulu aðildarríkin hætta að gefa út EB-gerðarviðurkenningar,

og

— þá er aðildarríkjunum heimilt að synja um innlendar gerðarviðurkenningar

fyrir nýja gerð ökutækis af ástæðum er varða dyr ökutækja ef kröfur tilskipunar 70/387/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun, eru ekki uppfylltar.

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 1998. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

([1]) Stjtíð. EB L 42, 23. 2. 1970, bls. 1.
([2]) Stjtíð. EB L 91, 25. 3. 1998, bls. 1.
([3]) Stjtíð. EB L 176, 10. 8. 1970, bls. 5.

4. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 30. nóvember 1998.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Martin BANGEMANN

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

1. Eftirfarandi skrá yfir viðauka er bætt framan við viðaukana við tilskipun 70/387/EBE:

„SKRÁ YFIR VIÐAUKA

1. *I. VIÐAUKI:* Gildissvið, skilgreiningar, almennar kröfur, umsókn um EB-gerðarviðurkenningu, veiting EB-gerðarviðurkenningar, breytingar á gerð og á viðurkenningum, samræmi framleiðslu

1. viðbætir: Upplýsingaskjal

2. viðbætir: EB-gerðarviðurkenningarvottorð

2. *II. VIÐAUKI:* Kröfur um smíði og uppsetningu og styrkleikaprófanir

3. *III. VIÐAUKI:* Kröfur varðandi dyr til að stíga inn í og út úr stýrishúsi“.

2. Í stað I. viðauka komi eftirfarandi :

„*I. VIÐAUKI*

GILDISSVIÐ, SKILGREININGAR, ALMENNAR KRÖFUR, UMSÓKN UM EB-GERÐARVIÐURKENNINGU, VEITING EB-GERÐARVIÐURKENNINGAR, BREYTINGAR Á GERÐ OG Á VIÐURKENNINGUM, SAMRÆMI FRAMLEIÐSLU

1. GILDISSVIÐ

1.1. Þessi tilskipun gildir um dyr vélknúinna ökutækja í flokkum M_1 og N ([1]).

2. SKILGREININGAR

Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

2.1. „viðurkenning ökutækis“: viðurkenning á gerð ökutækis með tilliti til dyra þess og eiginleika þeirra;

2.2. „gerð ökutækis“: ökutæki sem eru ekki í grundvallaratriðum frábrugðin hvert öðru með tilliti til eftirfarandi aðalatriða:

— hönnun og styrkleiki læsinga og lama, hvað varðar ökutækin sem um getur í II. viðauka,

— kröfur um smíði og uppsetningu fótpalla og þrepa hvað varðar ökutæki sem III. viðauki nær ekki til,

— staðsetning og lögun stigaþrepa og handfanga hvað varðar ökutæki sem um getur í III. viðauka,

að svo miklu leyti sem þessi atriði skipta máli hvað varðar kröfur þessarar tilskipunar.

3. ALMENNAR KRÖFUR

3.1. Hönnun

3.1.1. Ökutækið skal hannað þannig að unnt sé að stíga inn í það og út úr því á fullkomlega öruggan hátt.

3.1.2. Ökutæki í flokki N_2 með hámarksmassa sem er meiri en 7,5 tonn og ökutæki í flokki N_3 teljast fullnægja framangreindum kröfum ef þau eru í samræmi við forskriftir III. viðauka.

([1]) Eins og þau eru skilgreind í II. viðauka A við tilskipun 70/156/EBE.

3.2. Dyr, inngangar og útgangar

3.2.1. Dyr, inngangar og útgangar skulu vera þannig að unnt sé að nota þau auðveldlega og áhættulaust.

3.3. Dyr og læsingar

3.3.1. Dyr og læsingar skulu þannig hannaðar að komið sé í veg fyrir óþægilegan hávaða þegar lokað er.

3.3.2. Dyralæsingar skulu þannig hannaðar að dyr geti ekki opnast fyrir slysni.

3.4. Læsingar og lamir (smíða- og uppsetningarkröfur)

3.4.1. Þegar lamir á hurðum á hjörum (að fellihurðum undanskildum) eru festar á hlið ökutækis skal það gert á fremri brún dyranna miðað við aksturssstefnu. Þessi krafa gildir um þær dyr sem opnast fyrst sé um tvöfaldar dyr að ræða. Hinum dyrunum skal vera unnt að halda lokuðum.

3.4.2. Læsingar og lamir á hliðardyrum bifreiða í flokki M_1 skulu uppfylla kröfur sem mælt er fyrir um í II. viðauka við þessa tilskipun.

3.5. Fótpallar og þrep (smíða- og uppsetningarkröfur)

3.5.1. Ekki er litið svo á í þessari tilskipun að hjólnöf, hjólhringur eða aðrir hlutar hjóls þjóni hlutverki fótpalls eða þreps nema útilokað sé að setja upp fótpalla eða þrep annars staðar á ökutækinu af ástæðum sem varða smíði og notkun þess.

3.5.2. Ökutæki í flokkum M_1, N_1 og N_2, með hámarksmassa sem er ekki meiri en 7,5 tonn skulu hafa a.m.k. einn fótpall eða þrep ef gólfið við inngang farþegarýmisins er í meira en 600 mm hæð frá jörðu.

3.5.2.1. Hins vegar má auka þessa hæð upp í 700 mm frá jörðu ef um er að ræða torfærutæki eins og þau eru skilgreind í II. viðauka A við tilskipun 70/156/EBE.

3.5.2.2. Fótpallar eða þrep skulu smíðuð þannig að ekki sé hætta á að fólk renni til á þeim.

4. UMSÓKN UM EB-GERÐARVIÐURKENNINGU

4.1. Framleiðandi ökutækisins skal leggja fram umsókn um EB-gerðarviðurkenningu fyrir gerð ökutækis með tilliti til dyra þess.

4.2. Fyrirmynd að upplýsingaskjali er að finna í 1. viðbæti.

4.3. Láta ber tækniþjónustunni, sem annast prófanir vegna gerðarviðurkenningar, í té ökutæki, sem er dæmigert fyrir þá gerð sem viðurkenna á.

5. VEITING EB-GERÐARVIÐURKENNINGAR

5.1. EB-gerðarviðurkenning skal veitt samkvæmt 3. mgr. 4. gr. tilskipunar 70/156/EBE ef viðeigandi kröfum er fullnægt.

5.2. Fyrirmynd að EB-gerðarviðurkenningarvottorði er að finna í 2. viðbæti.

5.3. Allar viðurkenndar gerðir ökutækja skulu fá viðurkenningarnúmer í samræmi við ákvæði VII. viðauka við tilskipun 70/156/EBE. Sama aðildarríki er óheimilt að úthluta sama númeri til annarrar gerðar ökutækja.

6. BREYTINGAR Á GERÐ OG Á VIÐURKENNINGUM

6.1. Ákvæði 5. gr. tilskipunar 70/156/EBE gilda þegar gerðar eru breytingar á gerð sem er viðurkennd samkvæmt þessari tilskipun.

7. SAMRÆMI FRAMLEIÐSLU

7.1. Almennt ber að gera ráðstafanir til að tryggja samræmi framleiðslu samkvæmt ákvæðum sem mælt er fyrir um í 10. gr. tilskipunar 70/156/EBE.

1. viðbætir

UPPLÝSINGASKJAL NR. …

samkvæmt I. viðauka við tilskipun ráðsins 70/156/EBE (*) varðandi EBE-gerðarviðurkenningu ökutækis með tilliti til dyra þess (tilskipun 70/387/EBE, eins og henni var breytt með tilskipun …/…/EB)

Eftirfarandi upplýsingar skal gefa í þríriti og með efnisyfirliti, ef við á.

Teikningar, ef einhverjar eru, skulu vera í hæfilegum hlutföllum og nægilega nákvæmar, í stærðinni A4 eða brotnar saman í þá stærð. Ljósmyndir, ef einhverjar eru, skulu einnig vera nægilega nákvæmar.

Ef kerfi, íhlutir eða aðskildar tæknieiningar eru búnar rafeindastýringu skulu fylgja upplýsingar um hvernig hún vinnur.

0. ALMENNT

0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda): .....

0.2. Gerð: .....

0.3. Gerðarauðkenni ef slíkt er á ökutækinu (b): .....

0.3.1. Staðsetning auðkennisins: .....

0.4. Ökutækjaflokkur (c): .....

0.5. Nafn og heimilisfang framleiðanda: .....

0.8. Heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja: .....

1. ALMENNIR SMÍÐAEIGINLEIKAR ÖKUTÆKISINS

1.1. Ljósmyndir og/eða teikningar af dæmigerðu ökutæki: .....

9. YFIRBYGGING

9.2. Efni og smíðaaðferðir: .....

9.3. Dyr fyrir ökumann og farþega, læsingar og lamir .....

9.3.1. Lögun og fjöldi dyra: .....

9.3.1.1. Mál, í hvaða átt þær opnast og hámarksopnun: .....

9.3.2. Teikning af læsingum og lömum og staðsetningu þeirra á hurðunum: .....

9.3.3. Tæknilýsing á læsingum og lömum: .....

9.3.4. Lýsing (að stærð meðtalinni) á inngöngum, þrepum og, ef við á, á nauðsynlegum handföngum: .....

(*) Númer liða og neðanmálsgreina í þessu upplýsingaskjali svara til númera og neðanmálsgreina í I. viðauka við tilskipun 70/156/EBE. Liðum, sem ekki varða þessa tilskipun, er sleppt.

Viðbótarupplýsingar vegna torfærutækja

1.3. Fjöldi ása og hjóla: .....

1.3.3. Aflásar (fjöldi, staðsetning, samtenging): .....

2.4.1. Fyrir undirvagn án yfirbyggingar

2.4.1.4.1. Flái að framan (na): .....

2.4.1.5.1. Flái að aftan (nb): .....

2.4.1.6. Bil frá jörðu (eins og það er skilgreint í lið 4.5 í A-hluta II. viðauka við tilskipun 70/156/EBE): ....

2.4.1.6.1. Milli ása: .....

2.4.1.6.2. Undir framási (-ásum): .....

2.4.1.6.3. Undir afturási (-ásum): .....

2.4.1.7. Rampahorn (nc): .....

2.4.2. Fyrir undirvagn með yfirbyggingu

2.4.2.4.1. Flái að framan (na): .....

2.4.2.5.1. Flái að aftan (nb): .....

2.4.2.6. Bil frá jörðu (eins og það er skilgreint í lið 4.5 í A-hluta II. viðauka við tilskipun 70/156/EBE): ....

2.4.2.6.1. Milli ása: .....

2.4.2.6.2. Undir framási (-ásum): .....

2.4.2.6.3. Undir afturási (-ásum): .....

2.4.2.7. Rampahorn (nc): .....

2.15. Hámarkshalli við gangsetningu (eitt ökutæki): .....

4.9. Lás fyrir mismunadrif: ..... já/nei/valfrjálst ([1])

([1]) Strikið yfir það sem á ekki við.

2. viðbætir

FYRIRMYND

(hámarksstærð: A4 (210 × 297 mm))

EB-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ

Stimpill yfirvalds

Tilkynning um

— gerðarviðurkenningu ([1])

— rýmkun gerðarviðurkenningar ([1])

— synjun um gerðarviðurkenningu ([1])

— afturköllun gerðarviðurkenningar ([1])

á gerð ökutækis/íhlutar/aðskilinnar tæknieiningar ([1]) með hliðsjón af tilskipun 70/387/EBE, eins og henni var breytt með tilskipun …/…/EB.

Gerðarviðurkenningarnúmer: .....

Ástæða fyrir rýmkun: .....

I. HLUTI

0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda): .....

0.2. Gerð: .....

0.3. Gerðarauðkenni, ef slíkt er á ökutækinu/íhlutnum/aðskildu tæknieiningunni ([1]) ([2]): .....

0.3.1. Staðsetning auðkennisins: .....

0.4. Ökutækjaflokkur ([1]) ([3]): .....

0.5. Nafn og heimilisfang framleiðanda: .....

0.7. Staðsetning og aðferð við að festa EBE-gerðarviðurkenningarmerkið, ef um er að ræða íhluti og aðskildar tæknieiningar: .....

0.8. Heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja: .....

([1]) Strikið yfir það sem á ekki við.
([2]) Ef í gerðarauðkenni eru rittákn sem varða ekki lýsingu á gerð ökutækis, íhluti eða aðskilinnar tæknieiningar sem þetta gerðarviðurkenningarvottorð nær til skal setja spurningarmerki í stað rittáknanna (t. d. ABC??123??).
([3]) Í samræmi við skilgreininguna í A-hluta II. viðauka við tilskipun 70/156/EBE.

II. HLUTI

1. Viðbótarupplýsingar (þar sem við á): sjá viðbót

2. Tækniþjónusta sem annast prófanirnar: .....

3. Dagsetning prófunarskýrslu: .....

4. Númer prófunarskýrslu: .....

5. Athugasemdir (ef einhverjar eru): sjá viðbót

6. Staður: .....

7. Dagsetning: .....

8. Undirskrift : .....

9. Meðfylgjandi er skrá yfir innihald upplýsingasafnsins sem viðurkenningaryfirvöld varðveita en það má fá afhent sé þess óskað.

Viðbót við EB-gerðarviðurkenningarvottorð nr. …

varðandi gerðarviðurkenningu ökutækis með hliðsjón af tilskipun 70/387/EBE eins og henni var breytt með tilskipun …/ … /EB

1. Viðbótarupplýsingar

1.1. Lögun dyra fyrir ökumann og farþega: .....

1.2. Opnunaraðferð: .....

1.3. Aðferð við opnun lása: .....

5. Athugasemdir: .....“

3. II. viðauka er breytt sem hér segir:

(a) í stað orðsins „EINKABIFREIÐ“ í fyrirsögninni komi „ÖKUTÆKI Í FLOKKI M_1 “.

(b) í stað orðsins „tilskipun“ í lið 1.1 komi „viðauki“.

4. Eftirfarandi III. viðauki bætist við:

„*III. VIÐAUKI*

KRÖFUR VARÐANDI DYR TIL AÐ STÍGA INN Í OG ÚT ÚR STÝRISHÚSUM ÖKUTÆKJA Í FLOKKI N_2, MEÐ HÁMARKSMASSA SEM ER UMFRAM 7,5 TONN, OG ÖKUTÆKJA Í FLOKKI N_3

1. Stigaþrep að stýrishúsi (sjá mynd)

1.1. Hæðin (A) frá jörðu að efra yfirborði lægsta þreps, mæld á jafnsléttu með ökutækið tilbúið til aksturs, skal ekki vera meiri en 600 mm.

1.1.1. Hins vegar má auka þessa hæð (A) upp í 700 mm frá jörðu ef um er að ræða torfærutæki eins og þau eru skilgreind í II. viðauka A við tilskipun 70/156/EBE.

1.2. Fjarlægðin (B) milli þrepa miðað við efra yfirborð skal ekki vera meiri en 400 mm. Frávik í lóðréttri fjarlægð frá einu þrepi til hins næsta má ekki vera meira en 50 mm.

1.2.1. Hins vegar má hækka síðarnefndu töluna upp í 100 mm ef um er að ræða torfærutæki (sjá 1.1.1).

1.3. Að auki skal fullnægja eftirfarandi lágmarksforskriftum:

— dýpt þrepa (D):	80 mm
— rými umhverfis þrep (E) (þ.m.t. dýpt):	150 mm
— breidd þrepa (F):	300 mm
— breidd lægsta þreps (G):	200 mm
— hæð þrepa (S):	120 mm
— inndráttur milli þrepa á þverveginn (H):	0 mm
— skörun þrepa á langveginn (J):	200 mm

1.3.1. Hins vegar má lækka gildið (F) niður í 200 mm ef um er að ræða torfærutæki (sjá 1.1.1).

1.4. Lægsta þrepið má hanna sem stigarim, ef nauðsyn krefur, af ástæðum er varða smíði eða notkun ökutækisins og ef um er að ræða torfærutæki (sjá 1.1.1). Í slíku tilviki skal dýptin (R) vera minnst 20 mm.

1.4.1. Sívalar stigarimar eru ekki leyfðar.

1.5. Þegar stigið er niður úr stýrishúsi verður efsta þrepið að vera auðfundið.

1.6. Efra yfirborð þreps skal vera stamt svo að mönnum skriki ekki fótur. Auk þess skulu þrep, sem óvarin eru gagnvart ágangi veðurs og atast óhreinindum í akstri, vera með fullnægjandi afrennsli.

2. Aðgengi að handföngum við stýrishús (sjá mynd)

2.1. Viðeigandi handrið og handföng eða aðrar jafngildar handfestur, ein eða fleiri, skulu vera fyrir hendi til að auðvelda aðgengi að stýrishúsi.

2.1.1. Staðsetja skal handrið og handföng eða aðrar jafngildar handfestur þannig að auðvelt sé að ná taki á þeim og þær hindri ekki aðgengi.

2.1.2. Leyfilegt er að hafa í mesta lagi 100 mm bil milli þeirra hluta handriðs eða handfanga eða jafngildra handfesta sem gripið er um (t. d. millistoðir).

2.1.3. Þegar notuð eru fleiri en tvö þrep skal staðsetja handrið og handföng eða aðrar jafngildar handfestur þannig að hægt sé að styðja sig við á þremur stöðum samtímis (með tveimur höndum og einum fæti eða með tveimur fótum og einni hendi).

2.1.4. Handrið og handföng eða aðrar jafngildar handfestur skal hanna og staðsetja þannig, þegar stigar eru ekki fyrir hendi, að það stuðli að því að farið sé afturábak niður úr stýrishúsi.

2.1.5. Líta má á stýrishjólið sem handfestu.

2.2. Hæðin (N) frá jörðu að neðri mörkum a.m.k. eins handriðs eða handfangs eða jafngildrar handfestu, mæld á jafnsléttu með ökutækið tilbúið til aksturs, skal ekki vera meiri en 1 850 mm.

2.2.1. Hins vegar má auka þessa hæð (N) upp í 1 950 mm ef um er að ræða torfærutæki (sjá 1.1.1).

2.2.2. Ef gólf stýrishússins er í meiri hæð frá jörðu en sem nemur „N“, skal sú hæð talin vera „N“.

2.2.3. Að auki skal „P“, lágmarksfjarlægð efri marka handriðs eða handfanga eða jafngildra handfesta frá efsta þrepi (gólfi stýrishúss), vera:

— (U) 650 mm fyrir handrið eða handföng eða aðrar jafngildar handfestur,

— (V) 550 mm fyrir handrið eða handföng eða aðrar jafngildar handfestur.

2.3. Fullnægja skal eftirfarandi forskriftum:

— gripþvermál (K):	minnst 16 mm mest 38 mm,
— lengd (M):	minnst 150 mm,
— fjarlægð að íhlutum ökutækis (L):	40 mm við minnstu opnun dyra.



Mynd

3. Ef gólf stýrishússins hallast skal miða nauðsynlegar mælingar við láréttan flöt sem liggur í gegnum skurðpunktinn þar sem mætast fremri brún gólfsins og lóðréttur flötur sem liggur í gegnum miðju næsta þreps fyrir neðan og er hornrétt á lengdarmiðjuflöt ökutækisins.“